

Stjórnarfundur FKA #9

Starfsár: 2023-2024

Staður: TEAMS

Dagsetning: 07.03.2024

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ), Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir (BLS), Dóra Eyland (DE), Grace Achieng (GA), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Inga Salóme Sigurðardóttir (ISS), ásamt framkvæmdastjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Unnur Elva Arnardóttir (UEA)

Dagskrá fundar:

12:00-12:10	1	Opnun – einn stuttur hringur (...) Farið hringinn og stjórnarkonur fara yfir sín verkefni.
12.10 – 12.20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, viðburðir, minnisblað vegna Hátíðar o.fl. (AR) AR fer yfir stöðuna og sýnir stjórn bankayfirlit sem lítur vel út. FKA bárust ábendingar vegna samstarfs við Coca Cola Ísland þar sem þau eru aðalstyrktaraðili FKA á 25 ára afmælisárinu. Bent var á tengingu Coca Cola við stríðið í Gaza. FKA fer á fund með Coca Cola Ísland á morgun til að ræða þetta. AR minnir á mikilvægi þess að stunda viðskipti við félagskonur og auglýsa starfsemi þeirra í kjölfarið. Auka sýnileika félagskvenna. AR segir frá því að ISS hringdi í 100 nýjar félagskonur og voru viðbrögð þeirra mjög góð. Þær fengu líka allar póst með hvatningu að mæta á Sýnileikadaginn.
12:20-12:30	3	Innheimta, staðan (AR) Innheimta gengur vel, mun betur en áður.

12:25-12:40	4	Gull, silfur og brons (ISS) ISS sýndi stjórn tillögu að styrktaraðilapökkum á síðasta stjórnarfund. Coca Cola Ísland er orðinn formlegur aðalstyrktaraðili FKA á 25 afmælisárinu. Mikil ánægja hjá báðum aðilum með samstarfið. Fleiri aðilar eru að íhuga að verða styrktaraðilar, eins og t.d. styrktaraðili fyrir heimasíðu FKA. Umræða um hvað nákvæmlega mun þýða að vera styrktaraðili FKA. Og munur þess að vera almennur styrktaraðili og þeirra sem styrkja ákveðna viðburði.
12:40-12:55	5	Ársreikningur (AR + ISS) AR var búin að senda ársreikning fyrir árið 2023 á stjórn fyrir fund. Fer yfir með stjórn. Mun senda nýjan ársreikning á stjórn eftir fund þar sem það þurfti að laga eitt atriði. ISS, AR og Margrét í Mundakoti gerðu ársreikninginn saman. Lítur mjög vel út. Mikil bæting á greiðslu félagskvenna á félagsgjöldum.
12:55-13:05	6	Sýnileikadagur (BLS) Heilt yfir gekk dagurinn mjög vel. Viðburðinum var streymt af Sonik þar sem 80 voru að fylgjast með í streymi. Það voru margar félagskonur í sýnileikanefnd sem munaði miklu. Mikilvægt að hafa margar hendur sérstaklega þegar það detta alltaf einhverjar út. Portrett myndatökurnar gengu mjög vel en Hulda Margrét, ljósmyndari, stóð sig einstaklega vel og var mikil ánægja með myndatökuna. Boðið að borðinu heppnaðist mjög vel. En í lok fyrirlestra var félagskonum boðið að koma upp á svið og ræða um daginn. Gaman var að sjá hversu margar og ólíkar konur komu upp á svið. Mikil ánægja var með styrktaraðila. FKA böndin slógu í gegn. Hugmynd um að allar félagskonur fái félagskort á hverju ári sem þær taka þá með sér á viðburði. Hafa á því nafn, starfstítl og ártal. Umræða um að hafa einnig QR kóða með tengingu á t.d. LinkedIn-síðu viðkomandi. Galli að hafa nafnspjöld/kort hangandi niður úr hálsböndunum, þyrfti að festa þau ofar. Áður hafa verið kort með segli aftan á þannig að fót skemmist ekki.

		Fín umfjöllun í fjölmiðlum um Sýnileikadaginn. Mikið af þakklætispóstum frá styrktaraðilum og félagskonum.
13:05-13:10	7	Fundur Sameinuðu þjóðanna í New York (GA) GA fékk styrk til að fara fyrir hönd FKA á 68. kvennafund Sameinuðu þjóðanna. Fundurinn verður haldinn í New York 9-15. mars og eru 26 að fara frá Íslandi. Þema fundarins er hvernig er hægt að hafa áhrif á konur og sérstaklega þær sem koma úr fátækt.
13:10-13:15	8	Tilnefning fyrir Vigdísarverðlaun (AR) GA er búin að fylla út og senda á stjórn. Hana vantar 4 undirritanir/meðmæli.
13:15-13:30	9	Önnur mál KVENN og FKA (AR) Félagskona hafði samband við FKA með þá hugmynd að halda viðburð með FKA og KVENN á nýsköpunarvikunni í maí. Stjórn samþykkti og er málið í vinnslu. Lög og Kjörstjórn (GHJ) 6 eru búnar að sækja um að vera í kjörstjórn. Það þarf að hafa 3 í kjörstjórn og 3 til vara. Lögin um kjörstjórn verða skoðuð til að bera upp á aðalfundi. (sjá umræðu í fundargerð 8. stjórnarfundar FKA) BLS með hugmynd um að samnýta kjörstjórn fyrir aðalfund FKA og aðalfundi deilda FKA. Það yrði mögulega of mikil vinna. Golfnefnd staðan (UEA) Unnur ekki á fundinum. Umræða um að halda nefndinni gangandi en passa að hafa starfið ekki of metnaðarfullt. Mikilvægt að allir í stjórn nefndarinnar hafi hlutverk og verkefni. Auglýst verður eftir félagskonum í stjórn nefnda fyrir aðalfund og er hægt að endurmeta stöðuna. Aftur rætt um möguleika á breytingu nafns til að ná til fleiri félagskvenna. Virk, staðan á ráðningu (GHJ) + HBS) Fundur á morgun með konu sem verður mögulega skammtíma starfsmaður til að koma vefsíðu FKA í gang. Yrði þá verkefnastjóri fyrir vefsíðuna. Orðin of mikil vinna fyrir vefráð. Ekki komið á hreint hvort FKA fái styrk fyrir þessu verkefni. Erindi frá Nönnu - Pabbahelgar (AR) FKA barst ósk um að breyta forsiðu FKA blaðsins til að nota í þættina Pabbahelgar. Þar verður ein persóna þáttanna stjórnarkona FKA. Tekin verður ákvörðun síðar.

Fundi slitið klukkan 13:42

Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir